



# Samningur

## háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis við Háskólafélag Suðurlands

Háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneyti, kt. 710122-0830, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Háskólafélag Suðurlands ehf., kt. 650108-0350, í samningi þessum nefnt HfSu með sér svofelldan samning um háskólatengda þjónustu, stuðning við frumkvöðlastarf, nýsköpun og rannsóknarstarfsemi

### 1. Markmið og framkvæmd

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að hrinda eftirfarandi sameiginlegu markmiðum í framkvæmd, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016:

- **Markmið um nám á háskólastigi.** Með samningnum er stefnt á að hækka menntunarstig á starfssvæði HfSu með því að bæta aðgengi að háskólanámi og stuðla að fjölbreyttu námsumhverfi á háskólastigi.
- **Markmið um nýsköpun.** Með samningnum er stefnt á að efla nýsköpunar-, rannsókn- og frumkvöðlastarf á starfssvæði félagsins.
- **Markmið um rannsóknir.** Með samningnum er stefnt á að stuðla að auknum rannsóknum og styðja við rannsakendur sem starfa á svæðinu.
- Tryggja framgang stefnu sbr. fjármálaáætlun 2025-2029 á:
  - Málefna sviði 21 – Háskólastig í málaflokki 21.1 – Háskólar og rannsóknarstarfsemi.

### 1.2. Framkvæmd

Til að ná hverju af þremur markmiðum samningsins samkvæmt 1. gr. samningsins er framkvæmdinni skipt í grunn og sókn. Undir grunn falla þættir sem þurfa að vera fyrir hendi allan samningstímann. Undir sókn falla síðan þættir sem unnið er að á samningstímanum. HFSU hefur frelsi til að leggja sérstaka áherslu á einstaka þætti, svo sem rannsóknir, nýsköpun eða háskólanám, eftir þörfum og sérstöðu hvers svæðis og staðbundnum þörfum.

### Nám á háskólastigi

- **Grunnur.** Að vera tengiliður háskóla inn á starfssvæði sitt. Birta á heimasíðu sinni yfirlit fyrir nám á háskólastigi sem unnt er að taka í fjarnámi að hluta eða heild, tímanlega fyrir hverja önn. Til að ná markmiði um nám á háskólastigi skal HFSU starfrækja háskóla- og fjarnámsþjónustu fyrir nemendur á starfssvæði sínu og auka þannig tækifæri til háskólanáms. Í háskóla- og fjarnámsþjónustu felst að HfSu hafi aðstöðu fyrir um og yfir 20 háskólanema. HFU skal veita aðstöðu fyrir allt að 50 háskólanema til að taka fjarpróf í einu.
- **Sókn.** Stuðla að góðum tengslum við háskóla landsins og hvetja íbúa til frekara háskólanáms, með netnámi/fjarnámi eða staðarnámi, með fræðslu til ungmenna, kynningum, fundum og leiðsögn við þá sem stefna í háskólanám.



## Nýsköpun

- **Grunnur.** HfSu skal vera leiðandi í nýsköpunarstarfi á starfssvæði sínum og taka þátt mótun nýsköpunarumhverfis og frumkvöðlastarfs. HfSu skal veita aðstöðu fyrir um og yfir 20 frumkvöðla (í Hreiðri og Fablab Selfossi). Þar er aðstaða fyrir námskeið og vinnustofur fyrir allt að 30 manns. Þar er jafnframt aðstaða til samveruhittinga sem nýtist nemendum, frumkvöðlum og rannsakendum saman, fyrir yfir 25 manns. HfSu skal veita frumkvöðlum aðstoð og aðgengi að leiðsögn við viðskiptahugmyndir sínar. HfSu skal jafnframt standa fyrir viðburðum tengdum nýsköpun.
- **Sókn.** Að stuðla að og hvetja til nýsköpunar með verkefnum, fræðslu og viðburðum á starfssvæðinu. Hvetja atvinnulíf og fyrirtæki á starfssvæðinu til þátttöku í nýsköpunarverkefnum.

## Rannsóknir

- **Grunnur.** HfSu skal veita aðstöðu fyrir rannsakendur, háskólanema, starfsmenn rannsóknastofnana sem vinna að rannsóknum á starfssvæði HfSu. Rými sem er samnýtt með nemendum eða frumkvöðlum efitr því sem við á hverju sinni.
- **Sókn.** HfSu miðlar upplýsingum um möguleg rannsóknaverkefni, hvetur til þátttöku fyrirtækja, stofnana og einstaklinga í rannsóknum og leiðbeinir um tækifæri í innlendum og erlendum samkeppnissjóðum.

## 2. Hlutverk HfSu

- 2.1. Hlutverk HfSu er að vinna að markmiðum, hafa til boða þá þjónustu og framkvæma þær aðgerðir sem fram koma í 1. gr. samnings þessa. HfSu skal eftir föngum taka þátt í samstarfi þekkingarsetra. HfSu skal senda ráðuneyti skýrslu um framkvæmd samningsins í nóvember ár hvert.
- 2.2. Tryggja nægjanlega fjölda starfsfólks hverju sinni til að ráða við þau verkefni sem kveðið er á um í grein 1.2.

## 3. Tengsl við sveitarfélög

- 3.1. HfSu skal starfa í góðri samvinnu við sveitarfélögin á svæðinu að markmiðum samnings þessa og tryggja að sveitarfélögin séu meðvituð um eflingu háskólanáms, rannsókna og nýsköpunar á starfssvæði HfSu og hvetja þau til að vinna enn frekar að framgangi þeirra verkefna.

## 4. Hlutverk ráðuneytis

- 4.1. Ráðuneytið greiðir HfSu framlag sem tekur mið af ofangreindum verkefnum. HVIN hefur eftirlit með framkvæmd samningsins og greiðir umsamda fjárhæð eins og nánar greinir í 6. gr. samnings þessa. Ráðuneytið hefur rétt á að stöðva millifærslur eða fresta þeim telji það framkvæmd verkefnisins ekki í samræmi við það sem fram kemur 1. gr. samnings þessa.

## 5. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 5.1. Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki fjármála- og efnahagsráðherra skv. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál.



- 5.2. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 5.3. HfSu er einkahlutafélag og starfar samkvæmt samþykktum félagsins og lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994.
  - HFSU starfar eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem ekki eru ríkisaðila en veita opinbera þjónustu sem er kostuð að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins. Eftirfarandi lög og reglugerðir kunna því að eiga við;
  - Lög um opinber fjármál nr. 123/2015.
  - Reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004.
  - Lög um opinber innkaup nr. 120/2016.
  - Upplýsingalög nr. 140/2012.
  - Stjórnsýslulög nr. 37/1993.
  - Lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016.
  - Samkeppnislög nr. 44/2005.
  - Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.
  - Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

## 6. Styrkveiting

- 6.1. Heildarskuldbinding samningsins er 132 m.kr. og árlegt framlag ríkisins er 44 m.kr. á samningstímanum.
- 6.2. Framlag ríkisins skv. samningi þessum tekur breytingum í samræmi við almenna verðlagsuppfærslu í fjárlögum.
- 6.3. Framlag í samningi þessum kemur frá málaflokki 21.1 – Háskólar og rannsóknastarfsemi og fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 21 – Háskólastig sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 6.4. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á HfSu ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 21.1 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem fellur undir málaflokk 21 og hjá HfSu
- 6.5. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 6.6. Ráðuneytið mun ekki greiða dráttarvexti ef greiðsla dregst og greiðslu bera hvorki vexti né verðtyggingu
- 6.7. Framlagið er greitt af fjárlagalið 17-528-19780. Árlegri greiðslu er greidd mánaðarlega í tólf jöfnum greiðslum í upphafi hvers mánaðar. Árleg greiðsla er greidd mánaðarlega í tólf jöfnum greiðslum í upphafi hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka HfSu reikningsnúmer 0586-26-650108.

## 7. Ábyrgð HfSu

- 7.1. HfSu ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. HfSu skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 7.2. HfSu ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.



7.3. HfSu er óheimilt að:

- Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
- Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

## 8. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála og verkefna

8.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.

- HfSu skilar ráðuneytinu: Ársreikningi, ársriti og samantekt um þau verkefni sem framkvæmd voru á hverju starfsári og tengjast atriðum þessa samnings. Áætlun um rekstur ásamt starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. helstu starfsmarkmið sem unnið verður að, fyrir lok febrúar ár hvert.
- Endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum, fyrir lok maí ár hvert.

8.2. -Fulltrúar ráðuneytis og HfSu funda að lágmarki árlega um samninginn að frumkvæði ráðuneytisins.

8.3. Fyrir lok maí ár hvert skilar HfSu ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins, hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.

8.4. HfSu veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins eða vegna opinberrar upplýsingagjafar. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fundargerðum, skrám, fylgiskjólum, skýrslum, bókum og bréfum.

8.5. Árskýrslur HfSu skal birta á vef félagsins jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.

## 9. Vanefndir og meðferð ágreinings

9.1. HfSu tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á um að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir stofnunin frá úrræðum sem hún hyggst grípa til.

9.2. Ráðuneytinu er heimilt að rifta samningi þessum, draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli HfSu ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.

9.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.

9.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 10. Gildistími og lok samnings

10.1. Samningurinn gildir frá 01.01.2025 til 31.12.2027.

10.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.

10.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara



- 10.4. Samningsaðilar ákveða sameiginlega innan árs fyrir lok gildistíma samningsins hvort stefna skuli að endurnýjun hans og hefja í framhaldinu viðræður um það. Liggja á hinn bóginn ljóst fyrir af hálfu annars hvors samningsaðila að vilji sé ekki fyrir hendi til endurnýjunar samnings skal sú afstaða viðkomandi samningsaðila tilkynnt gagnaðila í samræmi við ákvæði greinar 10.3. Miðað er við að eigi síðar en hálfu ári áður en samningur rennur út hafi ráðuneytið lokið sérstakri úttekt á framkvæmd samningsins og metið forsendur fyrir áframhaldandi samningi. Á grundvelli þeirrar úttektar er tekin ákvörðun um framhald rekstrarverkefnis, sbr. 20. gr. reglugerðar um undirbúning, gerð og eftirfylgni samninga um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni nr. 643/2018.
- 10.5. Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki auk þess sem fjármála- og efnahagsráðuneyti heldur eintaki.
- 10.6. Samningur þessi er staðfestur með rafrænni undirritun eftirfarandi aðila:
- Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,
  - Ingunn Jónsdóttir, framkvæmdastjóri HfSu ehf.,
  - Sigurður Ingi Jóhannsson, fjármála- og efnahagsráðherra, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 123/2015.